

Alþingi
Erindi nr. P 125/1300
komudagur 29. 3. 2000

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is

Akureyri 27. mars 2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386. mál.

Stjórn Eyþings telur brýnt að þau viðmið sem fram koma í 1. tölulið viðauka 2 og varða landbúnað og skógrækt verði rýmkuð verulega frá því sem er í frumvarpinu.


Nú eru ýmist hafin eða eru að hefjast viðamiklar landshlutaáætlanir í nýskógrækt, s.s. verkefnið Norðurlandsskógar. Að flestra mati er hér um að ræða mjög mikilvæg og jákvæð verkefni. Líklegt má telja að nái frumvarpið fram að ganga óbreytt muni það stórlega hefta framkvæmd þessara verkefna. Stjórn Eyþings vísar í þessu sambandi til umsagnar Skógræktar ríkisins um frumvarpið og tekur undir hana.

Við gerð svæðis- og aðalskipulags er mörkuð stefna um landnotkun og margar sveitarstjórnir hafa markað þá stefnu að efla skógrækt. Þar sem áformuð er ræktun nytjaskóga á grundvelli samninga þar um, s.s. í verkefninu um Norðurlandsskóga, verður að telja fullnægjandi að sótt sé um framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarstjórna. Það er viðkomandi sveitarstjórnar að ganga úr skugga um að skógræktaráformin falli að markaðri stefnu um landnotkun.

Í frumvarpinu kemur víða fyrir óljóst orðalag og óljóst hvað felst í einstökum hugtökum. Af þessu leiðir að ýmis atriði geta orðið erfið í túlkun og kallað á deilur. Sem dæmi má nefna lið 1a í viðauka 2 þar sem talað er um “endurskipulagningar á landareignum”. Við hvað er átt? Ef endurvinna á meira en 10 ha tún til kornræktar kallar það þá á umhverfismat? Fleiri dæmi má nefna um óljós hugtök s.s. þaulnýtingu og þauleldi.

Stjórn Eyþings tekur að öðru leyti ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri